

Verslun Snorra Jónssonar

Afhending 2019/44

Snorri Jónsson fæddist 7. júlí 1848 í Svarfaðardal. Foreldrar hans voru bláfátæk og létust þegar Snorri var rétt kominn yfir fermingu. Þá réði Snorri sig sem vinnumann á ýmsum bæjum í Svarfaðardal og nágrenni hans, en þegar hann var 24 ára hélt hann til Danmerkur. Þar menntaði hann sig í skipasmíði og tréiðn og var orðinn trésmíðameistari eftir þriggja ára nám. Honum bauðst starf sem timburmaður á stórskipi sem sigla átti milli Danmerkur og Suður-Ameríku, starf sem hann þáði og starfaði við í um 3 ár. Árið 1877 kvæntist Snorri Sigríði Lovísu Loftsdóttur.

Árið 1878 flutti Snorri aftur til Íslands og bjó á ýmsum stöðum þar til 1880, er hann og kona hans settust að á Akureyri þar sem þau bjuggu fram á síðasta dag. Snorri og Sigríður Lovísa eignuðust 3 syni, Jón, Rögnvald og Gunnar, en urðu fyrir þeirri sorg að Jón lést aðeins tæpra tveggja ára.

Snorri vann fyrir sér og fjölskyldu sinni á Akureyri með skipaviðgerðum, stækkunum skipa og húsasmíði. Fljótlega var hann þó farinn að flytja sjálfur inn og selja byggingarefni og gekk verslun hans undir nafninu Verslun Snorra Jónssonar. Fljótlega eftir aldamótin 1900 fór Snorri að víkka út starfsemi sína og byrjaði að verka síld. Þegar fyrsti áratugur 20. aldar var liðinn var útgerð Snorra orðin ein sú stærsta í Akureyrarkaupstað.

Árið 1912 tók Rögnvaldur Snorrason, sonur Snorra Jónssonar, við rekstri verslunarinnar. Faðir hans var þó langt því frá hættur, en hann hélt áfram vinnu við útgerðina og verslunarstörfin nánast fram á dánardag. Snorri lést árið 1918 úr krabbameini. Snorri og Rögnvaldur höfðu alla tíð verið mjög samstíga í hugmyndum sínum um reksturinn en Rögnvaldur var fljótur að kynna sér allskyns nýngar og taka upp nýja tækni, sem varð oftast ekki til gróða fyrir fyrirtækið.

Rögnvaldur varð ekki langlífur, því árið 1923 lést hann úr lungnabólgu. Eftir lát Rögnvaldar tók Magnús Blöndal við rekstrinum en það gekk ekki betur en svo að tæpum fimm árum seinna var auglýst uppboð þar sem selja átti eigur þrotabús Verslunar Snorra Jónssonar.

Afhendingin kom frá Halldóri Péturssyni fyrir hönd Hertex nytjamarkaðar. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 421 og 920.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
25. febrúar 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Verslun Snorra Jónssonar Akureyri			2019 / 44
A-Verslun Snorra Jónssonar			
A-Verslun Snorra Jónssonar			
2019 - A / 1	1	1906- 1906 Höfuðbók.	1906 - 1906
			Bókin var yfirlímd þegar hún kom. Margar síður hafa verið skornar úr.